

Inngangur – Vinnuskóli Reykjaneshæjar er vinnustaður nemenda á grunnskóla aldri, fjórtán til sautján ára. Vinnuskólinn heyrir undir umhverfis- og skipulagssvið Reykjaneshæjar.

Nemendur kynnast launaðri vinnu og taka sín fyrstu skref á vinnumarkaðinn.

Fyrir starfsmenn 18 ára og eldri er önnur deild sem við köllum Garðyrkjudeild.

Almennt um vinnuskólann:

Vinnuskólinn er gerður út frá Umhverfismiðstöð Reykjaneshæjar, en sex starfsstöðvar eru í bænum staðsettar við skólalóðir. Starfsstöðvar sumarið 2020 voru við Heiðarskóla, Myllubakkaskóla, Holtaskóla, Njarðvíkurskóla, Akurskóla og við Keili fyrir Háaleitisskóla.

Kistur voru í upphafi sumars yfirfarðar af starfsmönnum og málaðar. Á veturna eru þær vistaðar í skolpstöðinni við Fitjabraut.

Vinnuskólinn þarf að taka til skoðunar þær kröfur sem gerðar eru til aðstöðu vegna starfa ungmenna og ákveða hvernig henni skal háttað.

Vinnuskólinn leigði fjóra bíla yfir sumarið, einn fyrir garðyrkjudeild, tvo fyrir yfirflokkestjóra og einn fyrir skógræktaráttak.

Einnig er notaður bíll frá umhverfismiðstöð fyrir blómahóp/vökvun og önnur tilfallandi störf ef bílar eru á lausu. Bílaleigubílarirnir komu frá Hertz.

Undirbúningur fyrir sumarið 2020:

Berglind Ásgeirsdóttir forstöðumaður vinnuskóla sá um ráðningar.

Vegna Covid 19 fóru viðtöl við nýja flokkstjóra fram í gegnum síma.

Yfirflokkestjórar voru Aníta Lind Róbertsdóttir Fisher (í tímavinnu) Björgvin Viktor Færseth, Kormákur Andri Þórsson.

Flokkstjórar voru samtals 44. Tuttugu fleiri en 2019.

Þegar leið á sumarið tókum við nokkra efnilega úr garðyrkjuhópnum til starfa sem aðstoðar flokkstjórar og reyndist það vel.

Heiðasíða vinnuskólans er : www.vinnuskolinn.wordpress.com - en við munum í vetur flytja hana inná vefsvæði Reykjaneshæjar.

VSFK STFS				
frá 1.4.2020				
Launaflokkur 117	338.045			
Hópur	Hlutfall	Tímakaup	Orlof 13,04%	Samtals m/orlofi
8-9.bekkur	40%	831,59	108,44	940,03
10.bekkur	50%	1.039,49	135,55	1.175,04
17 ára	82%	1.704,76	222,30	1.927,06
18 ára	100%	2.078,98	271,10	2.350,08
Flokkstjórar	126	368.781		
Yfirflokkestjórar	129	379.717		

Nemendur í landsliðsverkefnum

Líkt og síðustu sumur voru þó nokkrir nemendur vinnuskólans sem tóku þátt í landsliðsverkefnum í sinni íþrótt grein líkt og sundi, körfubolta eða dansi svo eitthvað sé nefnt.

Áfram höfum við það fyrirkomulag að nemendur Vinnuskólans verða ekki fyrir launatapi þann tíma

sem þau eru frá vinnu vegna landsliðsæfinga eða annarra landsliðsverkefna. Einnig er sérstakt samkomulag við körfuboltadeildirnar vegna þeirra nemenda sem eru í landsliðsúrtaki og mæta á sérstakar auka æfingar á vegum deildarinnar.

Námskeiðahald:

Yfirflokkstjórar og flokkstjórar fóru á skyndihjálparnámskeið, sem haldið var í fimleika akademíu og leiðbeinendur komu frá bráðadeild HSS. Námskeið var 4 tíma námskeið og geta flokkstjórar sótt um skírteini hjá rauðakross Íslands því til staðfestingar.

Yfirflokkstjórar og flokkstjórar sóttu námskeið á vegum vinnumálastofnunnar um öryggi á vinnustað sem og áhættumat vinnuskólans.

Verknámssmiðjur í samstarfi við FS.

Nemendur sem eru 15 ára á árinu, tóku þriðja ári í röð þátt í verknámssmiðjum FS í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu og Reykjanesbæ. Það voru þrír dagar.

Til stóð að halda örnámskeið í skyndihjálpi fyrir alla nemendur vinnuskólans en ekki varð neitt úr því þetta árið.

Hvernig gekk svo?

Heilt yfir gekk sumarið mjög vel enda nemendur vinnuskóla upp til hópa harðduglegir og undir stjórn samviskusamra flokkstjóra.

Líkt og árið 2019 var aðeins eitt starfstímabil og höfðu nemendur kost á að vinna allt að 150 vinnustundir frá 8. Júní til og með 30. júlí. Það er von vinnuskólans að með þessu fái bæði nemendur og forráðamenn betri þjónustu og aukið svigrúm til að fara saman í frí eða sinna öðrum skipulögðum tómstundum. Líkt og síðustu ár voru nemendur ekki í vinnu á föstudögum.

Í sumar gekk mjög vel að passa uppá vinnutíma hjá nemendum en við byrjuðum að nota kerfi sem heitir Kría. Kerfið kaupum við af fyrirtæki sem heitir Premis.

Tímaskráning vinnuskólanemenda fer fram í forriti sem heitir Kría. Klára þarf að samtengja tímaskráningu Kríu við Kjarna til að samtengjast launadeild og láta upplýsingar flæða á milli. Tímaskráning flokkstjóra og starfsmanna sem eru átján ára og eldri fer fram í Vinnustund sem er samtengt Kjarna og því gott flæði upplýsinga til launadeildar.

Fyrir og eftir myndirnar héldu áfram að slá í gegn bæði á Facebook og Instagram. Er það mat vinnuskólans að þetta hafi mjög jákvæð áhrif efli ímynd vinnuskólans. Líkt og síðustu ár var þeim hópum sem stóðu sig best boðið til pizzu veislu en í ár styrki Kadeco vinnuskólann til þess.

Uppákomur:

Lítið var um uppákomur í sumar og í raun ótrúlegt hvað samskipti gengu vel við bæði nemendur og forráðamenn miðað við þann mikla fjölda sem var hjá okkur í sumar.

En við tókum til skoðunar hjá okkur hvernig skal bregðast við þegar nemendum gengur illa að fara eftir reglum vinnuskólans og teljum við þetta í góðum farvegi.

Vinnuskólinn sendi barnavernd þrjár tilkynningar vegna atvika sem komu upp á vinnutíma.

Upplýsingar um það liggja hjá barnaverndarfulltrúum Reykjanesbæjar.

Fjöldi umsækjenda milli árganga:

2003 – 119 nemendur

2004 – 158 nemendur

2005 – 200 nemendur

2006 - 200 nemendur

Samtals 677 umsækjendur sumarið 2020

Fjölgun um 212 nemendur milli ára

Samtals 735 starfsmenn með flokkstjórum (*til gamans má geta að það voru voru 257 starfsmenn sumarið 2018*).

Fjölgun um 239 starfsmenn (*fjölgun um 478 frá 2018*)

Verkefnin:

Verkefni vinnuskóla eru almenn fegrun umhverfis.

Felst það meðal annars í hreinsun á stofnæðum og opnum svæðum, beðum og leiksvæðum.

Einnig fara nemendur í svokallaða hverfahreinsun eins og tækifæri gefst til.

Nemendur í garðyrkjuhópi sjá um sumarblómin, sláttur verkefni víða um bæinn samhliða því að sinna beðahreinsun og tilfallandi verkefnum.

Samstarfsverkefni:

Nokkuð er um að nemendur fari í samstarfsverkefni til íþróttafélaga og stofnana í bænum.

Þau eru:

Heilbrigðiseftirlitið

Körfuboltafélag Keflavík

Körfuboltafélag Njarðvík

Sundfélag Reykjanesbæjar

Skógræktarfélag Suðurnesja

Fimleikafélag Reykjanesbæjar

Fótboltafélag Keflavík

Fótboltafélag Njarðvík

Bardagaíþróttafélag Reykjanesbæjar

Reiðskóli Mána

Leikja og ævintýraskólinn

Listaskóli barna

KFUM & K

Skátar